



Reykjavík, 4. maí 2026

VEL26030078

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Staða úttektar á eftirliti með vistun barna utan heimilis

Á fundi velferðarráðs 18. mars 2026 var samþykkt svohljóðandi tillaga:

Velferðarráð samþykkir að fela óháðum aðila að framkvæma úttekt á vistun barna utan heimilis í umsjá Barnaverndar Reykjavíkur. Við vinnuna skal úttektaraðili eiga samtal við hagaðila svo sem Barnavernd Reykjavíkur, Barna- og fjölskyldustofu, Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála og Félag fósturforeldra. Úttektin skal fela í sér tillögur að úrbótum á eftirliti, regluverki, vinnu- og verklagi og umgjörð þjónustunnar. Markmið úttektarinnar er að leita allra leiða til að tryggja öryggi og velferð barna sem eru vistuð utan heimilis, byggja upp traust á viðkvæmri þjónustu við börn í Reykjavík og styrkja faglegan stuðning við starfsfólk Barnaverndar Reykjavíkur. Jafnframt er sama aðila falið að framkvæma viðhorfskönnun meðal skjólstæðinga Barnaverndar Reykjavíkur um upplifun þeirra af vistun og þjónustu. Niðurstöður úttektarinnar skulu lagðar fyrir velferðarráð fyrir lok apríl 2026.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Staða úttektar:

Sviðsstjóri velferðarsviðs leitaði til þriggja aðila til að framkvæma framangreinda úttekt og óskaði eftir tilboðum. Tveir þeirra sendu inn tilboð. Hvorugur aðilanna taldi gerlegt að framkvæma úttektina fyrir lok apríl en tímalína beggja miðar við að framkvæma verkið á þriggja mánaða tímabili. Þá töldu báðir aðilar að heppilegra væri að fela öðrum aðila að framkvæma viðhorfskönnun meðal skjólstæðinga Barnaverndar Reykjavíkur, en annar aðilanna taldi sig þó geta undirbúið könnunina og haft umsjón með henni. Unnið er að því að meta tilboðin og ætti niðurstaða að liggja fyrir innan nokkurra daga.

Ljóst er af ofangreindu að niðurstöður munu ekki liggja fyrir fyrr en í fyrsta lagi í í byrjun ágúst og er því óskað eftir að tímafrestur verði framlengdur. Þá leggur velferðarsvið jafnframt til að teymi árangurs- og gæðamats á skrifstofu velferðarsviðs verði falið að framkvæma viðhorfskönnunina en teymið hefur framkvæmt fjölmargar slíkar úttektir. Þótt ekki sé um óháðan aðila að ræða þar sem teymið starfar á velferðarsviði þá er það hvorki yfirsett né undirsett Barnavernd Reykjavíkur í skipuriti sviðsins. Sá samningsaðili sem verður valinn til að framkvæma úttektina mun annast undirbúning viðhorfskönnunarinnar en teymið mun sjá um framkvæmdina og að afla þeirra leyfa, s.s. hjá Persónuvernd, sem þarf til að framkvæma könnunina.



Reykjavík